

Bleika Ísland ehf  
Hverfisgötu 39  
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2019  
UST201909-107/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Brúðkaup - Djúpalónssandur**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Bleika Ísland ehf, dagsett 10. september 2019, um samkomuhald, innan Djúpalónssands.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Stefnt er að halda brúðkaupsathöfn á Djúpalónssandi þann 1. október 2019. Gert er ráð fyrir að athöfnin muni fara fram í fjörunni og vera um 30 mínútur, að lokum verða nokkrar ljósmyndir teknar áður en haldið er aftur í bílana. Í heildina með starfsfólki og gestum verða um 15 manns á svæðinu vegna athafnarinnar. Lagt verður bílum á merktu bílastæði og gengið niður í fjöru. Ekki er reiknað með að neitt rask verði á náttúru. Ekki verður þörf að setja upp neinn búnað í tengslum við athöfnina.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðinsins miðað við þá lýsingu sem gefin er upp. Engar friðlýstar og/eða fágætar tegundir, vistgerðir eða jarðminjar eru á tilgreindum stað. Óveruleg trúfun er fyrir aðra gesti, enda fer athöfnin fram í fjörunni á Djúpalóni. Vegna stærðar hennar dreifast gestir vel um svæðið og litlir hópar valda lítilli truflun fyrir aðra gesti.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Bleika Íslandi ehf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir brúðkaupsathöfn á Djúpalónssandi sbr. lýsingu hér að ofan 1. október 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Gestir svæðisins skulu halda sig innan afmarkaða/merktra svæða þar sem umferð er heimil.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

  
Jón Björnsson  
sérfræðingur